

Söngdagskrá Ísaksskóla 2025 – 2026

15.- 19.september

Vögguvísa (Lína Langsokkur)

Ef gangan er erfið
Haustvísa
Í Ísaksskóla létt er lund
Sumri hallar (2.erindi)

22.- 26. september

evrópski tungumáladagurinn á fimmtudegi
Dagur fjölbreytileikans á föstudegi

Einn og tveir og þrír (*íslensku, ensku, spænsku og táknmáli*)

Ég langömmu á
Ég er eins og ég er

Vögguvísa
Sumri hallar (3.erindi)
Haustvísa

29. september- 3. október

Kisutangó

Hvert örstutt spor 1. erindi

Einn og tveir og þrír (*íslensku, ensku, spænsku og táknmáli*)
Ég langömmu á
Vögguvísa
Ég er eins og ég er

Í Ísaksskóla

Lag: Úr söngleiknum *Sound of Music* eftir
Richard Rodgers / Oscar Hammerstein

Í Ísaksskóla létt er lund,
ljómar gleðin hverja stund.
Börnin kát og kennarar,
komum, syngjum hér og þar.
Leiðumst, vinir, hönd í hönd,
hefjum raddir, treystum bönd.
Vinaböndin ljúf og létt,
leikum saman, stöndum þétt.

Sumri hallar

Íslenskt þjóðlag
Þjóðvísur

Sumri hallar, hausta fer,
heyri snjallir ýtar,
hafa fjallahnjúkarnir
húfur mjallahvítar.

Girnast allar elfur skjól
undir mjallarþaki.
Þorir varla að sýna sól
sig að fjallabaki.

Verður svalt, því veður er breytt
vina eins og geðið.
Þar sem allt var áður heitt
er nú kalt og freðið.

Ég er eins og ég er

Lag: Jerry Herman
Ljóð: Veturliði Guðnason

Ég er eins og er,
Hvernig á ég að vera eitthvað annað?
Hvað verður um mig
Ef það sem ég er bölvað og bannað?
Er þá líf mitt, að fela mig og vera feimin,
Mitt líf var það til þess sem ég kom í
heiminn?
Fúlt finnst mér það líf að fá ekki að segja:
Ég er eins og ég er!

Ef gangan er erfið

Lag: Höfundur ókunnur

Ljóð: Ragnar H. Harðarson

Ef gangan er erfið og leiðin er löng,
vér léttum oss sporið með þessum söng.
Ef þung reynist byrðin og brekkan er há,
brosum, brosum krakkar þá.

Þótt bylji hríð og blási kalt,
brosið er sólskin sem vermir allt,
og bræðir úr hugskoti bölsýnis ís,
brosum, þá er sigur vís.

Og enginn er verri þótt vökni í gegn
og vitaskuld fáum við steypiregn.
En látum ei armæðu á okkur fá,
brosum, brosum krakkar þá.

Þótt bylji hríð og blási kalt,
brosið er sólskin sem vermir allt,
og bræðir úr hugskoti bölsýnis ís,
brosum, þá er sigur vís.

Haustvísa

Belgískt lag

Ljóð: Herdís Egilsdóttir þýddi úr sænsku

Hvert er horfið lafið
sem var grænt í gær?
Þótt ég um það spyrji
verð ég engu nær.
Blöðin grænu hafa visnað,
orðin gul og rauð.
Ef ég horfi miklu lengur
verður hríslan auð.

Vögguvísa

Lag: Georg Riedel

Ljóð: Astrid Lindgren

Sofið þið, sofið þið,
öldur á úthafinu vel.

Sofið þið, sofið þið,
vindar hafsins vel.
Öldur og vindar út um allan sjó,
brátt verða komin, komin í ró.

Sofðu nú, sofðu nú,
sætasta Sigurlína mín.
Gafflar og gólftuskur,
sofa sæt og fín.
Kökubox öll þau komin eru í ró,
kústurinn líka hvílu sér bjó.

Ég langömmu á

Lag: Ásgeir Jónsson

Texti: Guðjón Bjarnason

Ég langömmu á sem að létt er í lund,
hún leikur á gítar hverja einustu stund.
Í sorg og í gleði hún leikur sitt lag,
jafnt sumar sem vetur, jafnt nótt sem dag.

Dag einn er kviknað í húsinu var
og brunaliðsbíllinn kom æðandi að,
og eldurinn bálað' um glugga og göng,
sat sú gaml' upp á þaki og spilaði' og söng.

Einn og tveir og þrír

Lag frá Mexíkó

Þýðing: Sigríður Pálmadóttir

Einn og tveir og þrír,
fjórir, fimm og sex.
Sjö og átta og níu,
teljum upp að tíu.
Tralalalala...

One and two and three,
four and five and six.
Seven, eight and nine,
counting up to ten.

Tralalalala...

Uno, dos y tres,
cuatro, cinco, seis.
Siete, ocho, nueve,
cuento hasta diez.
Tralalalala...

Kisutangó

Lag: Erlent lag
Texti Magnús Pétursson

Mín kisa á vökul eyru
og veiðihár og rófu
og viðkvæmt lítið trýni
hún sleikir oft og þvær.
Hún unir dátt við leiki
og aldrei sýnir klær
og engin kisa í heimi
á svo fimar tær.

*Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,
hún teygir sig og reigir
og er svo fött og brött.
Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,
ég trúað gæti að margir vildu eiga slíkan
kött.
Tra lalalalala mjáááá.*

Hvert örstutt spor

Lag: Jón Nordal
Ljóð: Halldór Kiljan Laxness

Hvert örstutt spor var auðnuspor með
þér, hvert andartak er tafðir þú hjá mér
var sólskinsstund og sæludraumur hár,
minn sáttmáli við guð um þúsund ár.

Hvað jafnast á við andardráttinn þinn?
Hve öll sú gleði er fyr naut hugur minn
er orðin hljómlaus utangátta og tóm
hjá undrinu að heyra þennan róm,